

Fundur í svæðisráði norðursvæðis 24. september 2014.

Haldinn í Kjarna á Laugum kl:15:10

Mætt: Hjörleifur Finnsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Óli Halldórsson Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, Grétar Ingvarsson og Böðvar Pétursson sem ritaði fundargerð.

1. **Drög að dagskrá lögð fram:** Lagt til að taka liði 5 og 6 saman og dagskránni breytt til samræmis við það.
2. **Gos í Holuhrauni:** Frá því hræringar hófust var útlit fyrir að þar væru alvarlegir hlutir á ferðinni. Frá 16. ágúst unnu því starfsmenn að rýmingaráætlun á norðursvæði og gerðu daglega betrubætur á henni. Einnig vildi svo vel til að í vor var æfð rýming þjóðgarðsins og þjuggu starfsmenn og almannavarnir að þeirri reynslu þegar á reyndi þann 23. ágúst þegar norðursvæði þjóðgarðsins var rýmt. Rýmingin tók 8 tíma.

Eftir að gos hófst var ákveðið að hafa landvörð á hálendinu vegna mikillar ásóknar fjölmiðlamanna að svæðinu. Einnig hefur orðið vart við töluverða fjölgun í vísinda- og fræðasamfélaginu. Vþj. hafði því ekki fulla stjórn á aðstæðum í upphafi og ástand á svæðinu ekki nógu gott. En eftir því sem samstarf viðbragðsaðila þróaðist, því betra skikk komst á málin. Samstarfið milli almanna og Vþj. hefur verið mjög gott. Staðan í dag er sú að svæðið sunnan þjóðveggar er lokað almennri umferð og einnig er lokað frá Dettifossi niður í Ásbyrgi. Ekki hefur verið opnað fyrir umferð inn á þessi svæði vegna þess hversu tímafrekt er að rýma þau ef til kæmi.

Aukakostnaður norðursvæðis vegna eldgossins í Holuhrauni í ágúst er 2,6 milljónir og í september 2,7 milljónir. Í vöktunaráætlun sem Hjörleifur hefur samið og gildir út febrúar er gert ráð fyrir að aukakostnaður norðursvæðis verði u.þ.b. 27 milljónir.

Fyrir næsta vor þarf að liggja fyrir hvernig verður með aðgengi að svæðinu næsta sumar. Svæðisráð óskar eftir því við stjórn að unnin verði verndaráætlun fyrir svæðið. Sú vinna þarf að hefjast hið fyrsta. Tryggja þarf fjármagn til þessarar vinnu því ljóst er að núverandi starfsmenn norðursvæðis hafa ekki bolmagn til að vinna verndaráætlun ofan í önnur störf. Í þessum umbrotum hefur enn og aftur komið í ljós að Vþj. vantar hæfan talsmann til starfa.

3. **Dettifoss að vestan:** Stefnt að fundi með Einari Sæmundssyni og félögum 8. eða 10. október á staðnum. BP falið að koma þessu á.
4. **Fundur með sveitarstjórnarmönnum:** Svæðisráð hefur áhuga á að halda fund með nýskipuðum sveitarstjórnnum á svæðinu. Stefnt að fundi 21. janúar 2015 á Húsavík c.a 15 -18.
5. **Starfsemi sumarsins:** Veðurfarslega mjög gott ár. Maí og júní sérstaklega góðir og ferðamenn óvenju snemma á ferðinni. Júlí metmánuður á tjaldsvæðunum en ágúst endasleppur vegna eldgoss. Opnun á hálendinu seinna en vanalega vegna snjóa. Starfsmenn kvörtuðu undan álagi yfir

háannatímamann. Jarðfallið við Öskju, sem menn héldu að væri hápunktur ársins olli miklu álagi á hálendinu. Jarðvatnsstaða var óvenju há og olli það nokkrum utanvegaakstri þar sem menn voru að þræða fram hjá pollum. Einnig sér á stöku göngustígum vegna bleytu. Sumarstarfsmanna Landsvirkjunar var sárt saknað en þeir hafa verið ötulir í lúpínueyðingu í mynni Ásbyrgis s.l. tvö ár. Baráttan við minkinn gengur vel en lerki sem er farið að sá sér í Ásbyrgi hefur ekki verið sinnt.

Ljóst er að fleiri starfsmanna er þörf á norðursvæði, ekki síst þar sem ferðamönnum hefur stór fjölgað á svæðinu. Bæði vantar heilsársstarfsmenn 2-3, c.a. 80 landvarðavikur og 30 sjálfboðaliðavikur. Einnig vantar fjármagn eða nýtt verklag til viðhalds á göngustígum.

6. **Önnur mál:** Næstu fundir 8. október, 10. desember og 21. janúar.

Tilnefning frá ferðamálasamtökum í svæðisráðið: Helgi Héðinsson hefur óskað lausnar frá störfum svæðisráðs en nýr aðili hefur ekki enn verið skipaður í hans stað. Þessu máli þarf að sigla í höfn hið fyrsta.

Óli kynnti sýn nýs meirihluta í bæjarstjórn Norðurþings en þeir hyggjast beita sér af þunga til að auka samstarf Norðurþings og Vþj.

Böðvar tilkynnti að formannstíð hans í svæðisráði lyki í síðasta lagi nú á vordögum.

Fleira ekki gert fundi slitið 17:50.